



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólagötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Innanríkisráðuneytið  
Bryndís Helgadóttir  
Sölvhólagötu 7  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2012  
Tilv.: MMR10060549/0.4.3-

Þann 16. júní 2010 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Í greinagerð með þingsályktunartillögum er ályktað að leitað verði leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð. Alþingi fól mennta- og menningarmálaráðherra að fylgja verkefninu eftir og upplýsa þingið um framgang þess. Þann 3. maí sl. skipaði ráðherra stýrihóp og er honum ætlað að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum staflíði a og b, með hliðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar telja þörf á lagalegum ráðstöfunum til að sporna við því að ákvæði í ýmsum lögum verði ekki misnotuð til þöggunar og takmörkunar á tjáningarfrelsi. Í því skyni er mælt fyrir um hvort afnema eigi möguleika á að leggja lögbann á útgáfu fyrirfram. Hér er um að ræða ýmsar aðgerðir til að hindra miðlun efnis áður en til miðlunarinnar kemur. Í tengslum við framkvæmd þingsályktunarinnar telur stýrihópurinn til samræmis við framangreint, mikilvægt að kanna hvort rétt sé að takmarka með einhverjum hætti möguleikann á því að leggja lögbann við væntanlegri birtingu, þ.e.:

- Á að afnema með almennum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu?
- Á að takmarka með einhverjum hætti möguleika á að leggja lögbann við væntanlegri birtingu?

Óskar stýrihópurinn eftir því að réttarfarsnefnd innanríkisráðuneytisins taki til umfjöllunar hvort reglur um lögbannsheimildir í lögum um kyrrsetningu og lögbann o.fl., nr. 31/1990, skuli endurskoðaðar með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum.

Fyrir hönd stýrihópsins

  
Margrét Magnúsdóttir